

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. desember 2009
UST20091100082/hb

Umsögn um þingsályktunartillögu um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum.

Ákvörðun um það hvaða leið verður farin í samningum á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna er í eðli sínu pólitísk og Umhverfisstofnun tekur ekki afstöðu til þeirrar umræðu. Í tilefni af þingsályktunartillögu um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum (138. löggjafarþing 2009-2010, 9. mál) telur stofnunin þó rétt að koma eftirfarandi á framfæri:

Fyrirséð er að mikilvægar breytingar verði á alþjóðlegu lagaumhverfi Íslands í loftslagsmálum árið 2013. Óháð niðurstöðu aðildarríkjaþings loftslagssamningsins, sem nú stendur yfir í Kaupmannahöfn, bendir flest til þess að frá 1. janúar 2013 muni nær öll stóriðjustarfsemi hér á landi heyra undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins (ESB) með losunarheimildir. Það hefur í för með sér að stóriðjufyrirtæki munu lúta sömu reglum varðandi úthlutun losunarheimilda og sambærileg fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og sitja þannig við sama borð í samkeppnislegu tilliti. Þó að útfærsla á reglum og framkvæmd viðskiptakerfis ESB eftir 2013 hafi ekki verið endanlega ákveðin má telja líklegt að reglur um endurgjaldslausa úthlutun losunarheimilda verði íslenskum fyrirtækjum hafgafldar, að minnsta kosti fyrst um sinn, en gert er ráð fyrir að úthlutun muni ráðast af frammistöðu viðkomandi fyrirtækja hvað snertir losun gróðurhúsalofttegunda í samburði við fyrirtæki innan sama geira á EES-svæðinu. Þá fela reglur kerfisins í sér fjárhagslegan hvata til fyrirtækja til að draga eftir megni úr losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem losunarheimildir þeirra geta gengið kaupum og sölum milli aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.


Heimild ákvörðunar nr. 14/CP.7 (íslenska ákvæðisins) gildir um losun koldíoxíðs frá einstökum stóriðjuverkefnum og er bundin tilteknum skilyrðum, þ.á m. um að notuð sé endurnýjanleg orka. Þegar hefur stórum hluta þessarar heimildar verið ráðstafað til stóriðjustarfsemi hér á landi, nánar tiltekið til álframleiðslu og járnblendis, sbr. lög nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda og áætlun úthlutunarnefndar losunarheimilda, dags. 27. september 2007, sbr. breytingar frá 30. september 2008. Eins og fram kemur í ákvörðun nr. 14/CP.7 er íslenska ríkinu óheimilt að framselja þá heimild sem felst í ákvörðuninni til annarra ríkja. Hefur bannið almennt verið túlkað svo að það nái einnig til almennra losunarheimilda Íslands samkvæmt Kýótó-bókuninni enda verður heimild ákvörðunar nr.


14/CP.7 ekki nýtt fyrr en almennar losunarheimildir samkvæmt bókuninni hafa verið nýttar að fullu. Af þessu leiðir að ekki er unnt að gefa íslenskum stóriðjufyrirtækjum kost á að koma losunarheimildum sínum í verð á alþjóðlegum markaði með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Á það jafnt við um fyrirtæki sem fá úthlutað af almennum losunarheimildum Íslands og fyrirtæki sem fá úthlutað losunarheimildum sem byggjast á heimild ákvörðunar nr. 14/CP.7.

Heimild ákvörðunar nr. 14/CP.7 tekur að mestu leyti til sömu starfsemi og fyrirséð er að heyra muni undir gildissvið viðskiptakerfis ESB frá ársbyrjun 2013. Með vísan til þess sem að ofan greinir er ljóst að flókið kann að reynast að samræma þær skuldbindingar sem leiða af ákvörðun nr. 14/CP.7 annars vegar og reglur um viðskiptakerfi ESB hins vegar. Einkum er vandséð hvernig grundvallarregla viðskiptakerfisins um frjáls viðskipti losunarheimilda milli landa verður samræmd banni ákvörðunar nr. 14/CP.7 við framsali þeirra réttinda sem í ákvörðuninni felast. Auk þess er ljóst að afar erfitt kann að verða að samræma reglur ESB um úthlutun losunarheimilda þeim ströngu skilyrðum sem gilda um ráðstöfun á heimild ákvörðunar nr. 14/CP.7 til einstakra fyrirtækja hér á landi.

Umhverfisstofnun telur brýnt að við ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag í loftslagsmálum verði litið til framangreindra atriða, sem ekki hafa verið uppi í opinberri umræðu svo að stofnuninni sé kunnugt um, og afstaða tekin til þeirra.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Arnadóttir,
forstjóri


Hrafnhildur Bragadóttir,
lögfræðingur